

Ed.

661. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefud lög.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og telur meiri hluti hennar rjett að það verði látið ganga fram, en telur hins vegar heppilegast að takmarka efni þess þannig, að það nái aðeins til þeirra báta, af þeirri stærð, er ræðir um í frumvarpinu, sem veiða með lóð og leita að jafnaði daglega hafnar, enda nær frumvarpið á þann hátt þeim tilgangi, sem ætlast er til, sbr. fylgiskjal.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi viðauka.

VIÐAUKATILLAGA :

Aftan við frumvarpsgreininna komi:
enda veiði með lóð og leiti hafnar daglega.

Efri deild Alþingis, 30. ágúst 1915.

Kristinn Danielsson,
formaður.

Karl Einarsson,
ritari og framsögum.

Eiríkur Briem.
Með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Vestmannaeyjum ²/₇ — 15.

Eftir munnlegri áskorun allmargra formanna hjer, hjelt meiri hluti stjórnar fiskifjelagsdeildarinnar »Ljettir« (í fjarveru form.) fund í dag með fjölda af formönnum og útgerðarmönnum hjer í Vestmannaeyjum, til að ræða um ákvæði þau í lögum, er tiltaka stærð báta þeirra, sem háðir eru vissum reglum um hve nær farið sje til fiskjar.

Á fundinum kom fram eindregin sannfæring allra fundarmanna um það, að mikil vandræði steðjuðu að öllum fjölda mótorbátanna hjer, eftir því sem hjer kæmu fleiri bátar, sem væru yfir 15 smál. að stærð, og sem, eins og yður, herra alþingismaður, er kunnugt, væru þar af leiðandi lausir við gildandi reglur um tímatakörk. Var sjerstaklega sýnt fram á óhag þann, sem allir bátar undir 15 smál. hefðu af því að verða að fara á eftir hinum stærri á sjóinn og vera þannig neyddir til að »leggja ofan í þá«.

Eftir nokkrar umræður var í einu hljóði samþykkt tillaga sú, er hjer fer á eftir:

Fundurinn skorar á þingmanninn að gangast fyrir því í þinginu, að lögum verði breytt í þá átt, að ákvæði um hve nær farið sje til fiskjar, nái ekki

einungis til báta alt að 15 smál. stærð, heldur til allra báta og skipa, er lóða-
veiði stunda frá Vestmannaeyjum, og leita daglega hafnar.

Þetta leyfum við okkur hjer með að tilkynna yður, herra alþingismaður.

Virðingarfylst

Í stjórn fiskifjeldsdeildarinnar »Ljettir«.

Geir Guðmundsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Herra alþingismaður Karl Einarsson.